

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/965*  
*komudagur 6.2.2012*

HVERFISGÖTU 105  
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200  
FAX 545 1212  
Netfang ns@ns.is  
www.ns.is

Reykjavík, 6. febrúar 2012

**Efni: Athugasemdir Neytendasamtakanna við frumvarpsdrög Atvinnuvegnanefndar vegna norræna hollustumerkisins Skráargatsins.**

Neytendasamtökin þakka fyrir tækifærið til að fá að tjá sig um frumvarpsdrögin á þessu stigi. Eins og komið hefur fram áður í umsögnum samtakanna þá eru samtökin afar hlynnt því að hollustumerkið Skráargatið verði innleitt á Íslandi. Merkið gerir neytendum mögulegt að velja hollan mat á einfaldan hátt og stuðlar þannig að bættum matarvenjum landsmanna.

Samtökin fagna því að nú séu komin fram drög að breytingum á lögum um matvæli nr. 93/1995 sem veitir ráðherra heimild til að setja reglugerð þar sem fram komi skilyrði þess að framleiðendur megi merkja vörur sínar með hollustumerki eins og Skráargatinu. Að þessu sögðu vilja samtökin þó velja upp eftirfarandi athugasemdum við frumvarpsdrögin.

Í 1. gr. a. frumvarpsdraganna er að finna reglugerðarheimild fyrir ráðherra til að mæla fyrir um að leyfilegt sé að merkja matvæli með viðurkenndri áherslumerkingu sem gefi til kynna að matvælin séu holl, af miklum gæðum eða hafi önnur sameiginleg einkenni. Að mati samtakanna er þetta ákvæði óþarflega rúmt ef tilgangurinn er að taka upp hollustumerkið Skráargatið. Ganga þarf til samstarfs við aðrar Norðurlandapjóðir sem nota Skráargatið til að notkun þess hér á landi sé samræmd hinum Norðurlöndunum. Í frumvarpsdrögunum er Skráargatið sem slíkt ekki nefnt og því gæti einnig átt hér undir sér íslenskt hollustumerki án tengsla við norræna hollustumerkið Skráargatið, eða í raun hvaða hollustumerki sem er. Neytendasamtökin leggja áherslu á að hollustumerkið Skráargatið verði tekið upp hér á landi en ekki eitthvert annað hollustumerki og því verði tekið af skarið með það í frumvarpsdrögunum að um Skráargatið sé að ræða og þær kröfur sem gerðar verði í reglugerðinni skv. 2. mgr. 1. gr. a. verði þær kröfur sem gerðar eru á Norðurlöndum fyrir notkun Skráargatsins.

Í 2. mgr. 1. gr. b. kemur m.a. fram að ekki þurfi að liggja fyrir upplýsingar um innihald matvæla sem hlotið hafa sambærilega staðfestingu á öðrum Norðurlöndum ef kröfur slíkrar staðfestingar víkja ekki að verulegu leyti frá þeim kröfum sem gerðar eru í reglugerð ráðherra. Varðandi þetta atriði ítreka samtökin þá afstöðu sína að taka beri upp hollustumerkið Skráargatið en ekki eitthvert annað merki. Verði það gert, er þetta ákvæði óþarft. Að öðrum kosti getur skapast misræmi þannig að annað hvort séu gerðar minni

kröfur hér á landi til matvæla sem merktar eru með hollustumerki, eða að gengið verði lengra, og þarf þá að kanna sérstaklega allar þær innfluttu vörur sem merktar eru með Skráargatinu á Norðurlöndunum með tilliti til þess hvort þær uppfylli kröfur reglugerðar ráðherra. Það væri til mikillar einföldunar í þessu sambandi að ganga einfaldlega til samstarfs um Skráargatið. Þá má raunar gera ráð fyrir að upptaka Skráargatsins myndi hafa minni kostnað í för með sér en að búa til nýtt merki fyrir íslenskan markað þar sem sú vinna sem liggur að baki slíku merki hefur þegar verið unnin á Norðurlöndum þar sem Skráargatið er notað.

Í 3. mgr. 1. gr. b. kemur fram að Matvælastofnun sé heimilt að innheimta þjónustugjald fyrir staðfestingu á því að vöru megi merkja með hollustumerki. Þar sem Skráargatið er notað þurfa framleiðendur ekki að greiða gjald fyrir notkun merkisins. Neytendasamtökin gjalda varhug við þessari heimild til gjaldtöku enda ljóst að þessu gjaldi muni aðeins vera velt yfir á neytendur í formi hærra verðs. Samtökin telja það fara gegn tilgangi hollustumerkinga, sem er að hvetja neytendur til aukinnar neyslu hollra matvæla, og þar með gegn tilgangi frumvarpsdraganna, að setja á gjaldtöku sem leiða muni til hærra verðs á hollum matvælum.

Samkvæmt ofangreindu er það afstaða Neytendasamtakanna að frumvarpsdrögin þarfnist endurskoðunar með það að leiðarljósi að hér verði tekið upp hollustumerkið Skráargatið en ekki eitthvert annað hollustumerki. Sé tilgangur frumvarpsdraganna sá að hér verði tekið upp hollustumerkið Skráargatið telja Neytendasamtökin drögin ekki nógu skýr.

Virðingarfyllt,  
f.h. Neytendasamtakanna,

  
Jóhannes Gunnarsson

  
Helmir Skarphéðinsson